



**74. fundur Fjölskylduráðs Múlapings  
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 6. júní 2023  
og hófst hann kl. 12:30**

**Fundinn sátu:**

Sigurður Gunnarsson formaður, Björg Eypórsdóttir varaformaður, Guðmundur Björnsson Hafþórsson aðalmaður, Guðný Lára Guðrúnardóttir aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Eypór Stefánsson aðalmaður, Jóhann Hjalti Þorsteinsson aðalmaður, Þórlaug Alda Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir fræðslustjóri, Stefanía Malen Stefánsdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs og Marta Wium Hermannsdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs.

**Fundargerð ritaði:** Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, fræðslustjóri

Í upphafi fundar óskaði formaður eftir því að nýtt mál yrði tekið fyrir fundinn og var það samþykkt samhljóða. Málið hefur málsnúmer 202305193. Áheyrnarfulltrúi tónlistarskóla Sóley Þrastardóttir sat 1. lið. Áheyrnarfulltrúar leikskóla Guðmunda Vala Jónasdóttir, Bryndís Björt Hilmarsdóttir og Ragnhildur Kristjánsdóttir sátu 2.- 6. lið. Áheyrnarfulltrúi grunnskóla Valdís Dögg Rögnvaldsdóttir sat 7.- 11. lið. Sóley Þrastardóttir skólastjóri Tónlistarskóla Egilsstaða og Drífa Sigurðardóttir skólastjóri Tónlistarskóla Fellaskóla sátu 1. lið. Guðrún Sigríður Sigurðardóttir leikskólastjóri Bjarkatúni og Sigríður Herdís Pálsdóttir leikskólastjóri Tjarnarskógi sátu 4. og 6. lið. Guðmunda Vala Jónasdóttir leikskólastjóri Hádegishöfða sat 4. lið. Marta Wium Hermannsdóttir leikskólafulltrúi og Stefanía Malen Stefánsdóttir grunnskólafulltrúi sátu 1. - 13. lið.

**Dagskrá:**

**1. 202306007 - Skóladagatöl tónlistaskóla 2023-2024**

Fyrir liggja skóladagatöl tónlistaskóla í Múlapingi, fyrir skólaárið 2023-2024.

Sóley Þrastardóttir fylgdi eftir fyrirbyggjandi tillögu að skóladagatali Tónlistarskólans á Egilsstöðum 2023-2024 og kynnti forsendur þess.

Drífa Sigurðardóttir, skólastjóri Tónlistarskólans í Fellabæ, kynnti fyrirbyggjandi drög að skóladagatali Tónlistarskólans í Fellabæ 2023-2024 sem byggir á svipuðum forsendum og í Tónlistarskólanum á Egilsstöðum.

Tónlistaskóli Norður Héraðs, Djúpvogsskóla og Seyðisfjarðarskóla fylgja skóladagatölum viðkomandi grunnskóla.

Fjölskylduráð samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi drög að skóladagatölum tónlistarskólanna á Egilsstöðum og í Fellabæ.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**2. 202302197 - Betri vinnutími í leikskólum Múlapings**



Fyrir liggur innleiðingarætlun um betri vinnutíma í leikskólum Múlaþings.

Fjölskylduráð felur fræðslustjóra að leggja fyrir könnun vorið 2024 til foreldra um fyrirkomulag á betri vinnutíma í leikskólum. Fjölskylduráð samþykkir innleiðingarætlunina um betri vinnutíma í leikskólum Múlaþings.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**3. 202306010 - Reglur leikskóla í Múlaþingi - endurskoðun**

Fyrir liggja uppfærðar reglur leikskóla í Múlaþingi. Breytingar á reglunum snúa að starfsmannafundum, lokun vegna sumarleyfa og milli hátíða, umsóknum um gjaldfrjáls leyfi og þegar börn færast á milli leikskóla.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingum.

**4. 202306009 - Skóladagatöl leikskóla 2023-2024**

Fyrir liggja skóladagatöl leikskóla í Múlaþingi, fyrir skólaárið 2023-2024.

Guðmunda Vala Jónasdóttir, leikskólastjóri Hádegishöfða, kynnti fyrirbyggjandi tillögu að leikskóladagatali fyrir Hádegishöfða skólaárið 2023-2024.

Skóladagatalið hefur verið kynnt fyrir starfsfólki og foreldraráði.

Guðrún Sigurðardóttir, leikskólastjóri Bjarkatúni, kynnti fyrirbyggjandi tillögur að leikskóladagatali fyrir skólaárið 2023-2024. Skóladagatalið hefur verið kynnt fyrir starfsfólki og foreldraráði.

Sigríður Herdís Pálsdóttir, leikskólastjóri Tjarnarskógar, kynnti fyrirbyggjandi tillögu að leikskóladagatali fyrir skólaárið 2023-2024. Skóladagatalið hefur verið kynnt fyrir starfsfólki og foreldraráði.

Leikskólinn í Brúarási fylgir skóladagatali Brúarásskóla.

Fjölskylduráð samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi tillögur að leikskóladagatölum 2023-2024.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**5. 202306013 - Sumarleyfi leikskóla 2024**

Fyrir liggur bókun frá leikskólastjórafundi, dagsett 25.5 2023, varðandi sumarlokun leikskóla 2024.

Lagt fram til kynningar.

**6. 202306012 - Ytra mat leikskóla 2023**

Fyrir liggja ytra matsskýrslur frá Menntamálastofun vegna leikskólanna Bjarkatún og Tjarnarskógar sem bárust í maí 2023.

Guðrún Sigurðardóttir, leikskólastjóri Bjarkatúns, kynnti helstu niðurstöður úr ytra matinu fyrir leikskólann Bjarkatún.

Sigríður Herdís Pálsdóttir, leikskólastjóri Tjarnarskógar, kynnti einnig helstu niðurstöður úr ytra matinu fyrir leikskólann Tjarnarskóg.

Lagt fram til kynningar.



**7. 202303029 - Útboð á skólaakstri/almenningssamgöngum 2023**

Fjölskylduráð samþykkir að gengið verið til samninga við lægstbjóðandi á einstökum akstursleiðum svo framarlega að öll skilyrði sem sett voru í útboðinu séu uppfyllt.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**8. 202305309 - Gjaldskrá vegna húsnæðis grunnskóla Múlapings**

Fyrir liggja drög að gjaldskrá vegna útleigu á húsnæði grunnskóla Múlapings.

Lagt fram til kynningar.

**9. 202305063 - Þjónustusamningur vegna náms barna með lögheimili í Fljótisdalshreppi 2023**

Fyrir liggja drög að gjaldskrá vegna útleigu á húsnæði grunnskóla Múlapings.

Lagt fram til kynningar

**10. 202303071 - Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um grunnskóla (framlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla), 128. mál.**

Fyrir liggur umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um grunnskóla, framlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla, 128. mál.

Lagt fram til kynningar.

**11. 202304170 - Bréf til sveitarfélaga, styrkbeiðni**

Fyrir liggur erindi frá Kennarasambandi Austurlands, KSA, dagsett 25. apríl 2023. Í erindinu er óskað eftir að Múlaþing styrki haustþing KSA sem haldið verður 15. sept nk.

Fjölskylduráð mun áfram styrkja Haustþing KSA um afnot af húsnæði þegar þingin eru haldin í Múlaþingi og fagnar því góða starfi sem Haustþingin eru.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**12. 202306024 - Ráðstöfun fjármuna í grunnskólum fyrir alla**

Kynning á vinnu skólastjórnenda og skólaþjónustu á ráðstöfun fjármuna í grunnskólum fyrir alla í Múlaþingi.

Frestað.

**13. 202012045 - Skýrsla fræðslustjóra**

Lagt fram til kynningar.



14. **202305193 - Samningur um skóláþjónustu nr.444/2019 vegna barna í leik- og grunnskóla í Vopnafjarðarhreppi og Múlapings**  
Fyrir liggur samningur milli Vopnafjarðarhrepps og Múlapings um skóláþjónustu.  
Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00**